



## Stjórnarfundur 3 þriðjudaginn 11. ágúst 2015 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Kristján Geir Guðmundsson, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Steinn Einarsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Brynja María Ólafsdóttir.

Afboð og mættu ekki: Árni Jón Eggertsson afboðaði sig v/sumarleyfis

### Dagskrá

- **Mótamál,**
  - DataVolley
  - Umsóknir móta – úthlutun
  - Bikarkeppnin
  - Íslandsmótið í strandblaki
  - Stigaútreikningur í blaki
  - Leikreglur í blaki
  - Félagaskiptagjald
- **Erlend samskipti**
  - CEV þing, SCD þing, NEVZA þing í október
  - NEVZA vinnufundur og SCD vinnufundur í september
- **Landsliðsmál**
- **Fræðslumál**
  - DV námskeið
  - Þjálfaranámskeið
  - Dómaranámskeið
- **Fjármál**
- **Önnur mál**

### Fundargerð

Formaður BLÍ bauð fundarmenn velkomna á fundinn og setti fund.

#### Mótamál

**DataVolley:** Nú er vinna komin á fullt við kerfið, Sævar að setja inn gögn og kynnast veftólinu. Í september er stefnt að því að halda námskeið á rafrænu skýrsluna annarsvegar og tölfraeði hlutann hins vegar. Við fáum Ólaf Jóhann til að vera með námskeið í tölfraeðihlutanum. Dagsetning er ekki klár en rætt um að hafa þjálfunarhelgi jafnvel á haustmóti BLÍ.

**Umsóknir móta:** Mótanefnd skilaði tillögu sinni inn til stjórnar BLÍ. Tillagan var samþykkt og niðurstaðan þessi:

Haustmót BLÍ 26.-27 september – **FYLKIR**

Íslandsmót 2.-3. deildar kk og kvk 17.-18. október – **Dímon/Hekla á Hvolsvelli**

Íslandsmót 4.-6. deildar kvk 14.-15. nóvember – **UMF. Hrunamenn á Flúðum**

Íslandsmót 2.-6. deildar kk og kvk 16.-17. janúar 2016 – **Afturelding og HK (deildarskipt 2.-3. d./4.-6.d.**

Íslandsmót 2.-3. deild kk og kvk 12.-13. mars 2016 – **UMFL á Laugarvatni**

Íslandsmót 4.-6. deild 9.-10. apríl 2016 – **Þróttur Reykjavík**

Yngriflokkaneftnd skilaði inn tillögu að niðurröðun móta til stjórnar BLÍ eftir fund nefndarinnar. Tillagan var samþykkt og niðurstaðan þessi:

Landshlutamót 4.-6. flokk 10.-11. október

Suður og Vesturland: **SKELLUR á Ísafirði**

Norður og Austurland: **KA á Akureyri**

Íslandsmót fyrir 4. flokk 7.-8. nóvember: **FYLKIR**

Íslandsmót fyrir 3. og 5. flokk 21.-22. nóvember: **ÞRÓTTUR NES**

Bikarmót fyrir 2. og 3. flokk 30.-31. janúar: **KA á Akureyri**

Íslandsmót fyrir 3. flokk 2.-3. apríl 2016: **Þróttur Reykjavík**

Landshlutamót 4.-6. flokk 16.-17. apríl 2016

Fyrir Suður og Vesturland: **HK**

Norður og Austurland: **ÞRÓTTUR NES** (er tilbúið að gefa mótið frá sér ef Fáskrúðsfirðingar eða Seyðfirðingar hafa hug á að halda mótið).

Íslandsmót fyrir 4.-6. flokk 30. apríl – 1. maí: **AFTURELDING**

Nokkur umræða var um stöðuna á Íslandsmóti fyrir 2. flokk en yngriflokkanevndin sendi stjórn erindi þess efnis í fundargerð. Úrvalsdeldin er leikin þétt og því erfitt að koma fyrir helgi þar sem 2. flokkur getur leikið í sínu móti. Velt var upp þeirri hugmynd að spila 2. flokksleiki í deildakeppni líkt og úrvalsdeld en hægt væri að spila t.d. leiki samhliða úrvalsdeldarleikjum. Stjórnin biður YFN til að greina vandamálið, þ.e. vita hversu mörg lið er hér um að ræða og frá hvaða félögum.

**Bikarkeppnin:** Auglýsing fyrir bikarkeppnina er í smíðum en þar þarf að koma fram sú breyting sem hefur orðið á keppninni. Markmiðið er að fjölga þátttökuliðum í bikarkeppni BLÍ. Þátttökugjöld voru ákveðin þannig að skráningargjald verði 10.000 og fyrsta umferðin er inni í því. Eftir það greiðast 10.000 krónur fyrir hverja umferð og ef liðið kemst í undanúrslitaleik þá greiðir liðið 25.000 kr. í þátttökugjöld. Inni í upphæðinni reiknast allur kostnaður sem fellur til vegna dómgæslu í bikarleikjum. Það lið sem situr yfir í umferð greiðir einnig þátttökugjaldið fyrir þá umferð.

Rætt um að dómarmar fái sömu greiðslu eins og ef um leik í 1. deild sé að ræða í 1. og 2. umferð bikarkeppninnar. Þegar komið er í 16 liða úrslit greiðist eins og um úrvalsdeldarleik sé að ræða og svo koll af kolli. Sigurbjörn Árni klárar tilkynningu vegna bikarkeppninnar og sendir á stjórn til yfirlestrar og stefnt er að því að senda út auglýsingu í næstu viku.

**Íslandsmótið í strandblaki:** Mótið fer fram við Laugardalslaugina um næstu helgi, 14.-16. ágúst.

Verðlaunaafhending er á sunnudag á milli 4 og 5. Stefán Jóhannesson verður fulltrúi stjórnar á staðnum og mun veita verðlaun í mótslok.

**Stigaútreikningur í blaki:** Alþjóða- og Evrópusambandið breytti á síðasta ári reikni-reglunni á röð liða í blaki. Reglan er þannig að sigurleikir teljast fyrst og svo stigin. Nokkur umræða fór fram um þetta og ákveðið að á Íslandi verði reikni-reglan óbreytt frá fyrra ári, þ.e. að stigin telja alltaf fyrst.

**Leikreglur í blaki:** Þarf að útbúa tilkynningu um breytingar á leikreglum í blaki og auglýsa það. Kristján og Sigurbjörn hafa þýtt alþjóðlegu reglurnar og er yfirlestur langt kominn. Stefnt að því að BLÍ gefi reglurnar út í byrjun september.

Félagaskiptagjald: Ákveðið var að félagaskiptagjald fyrir leiktímabilið 2015-2016 verði kr. 7.000 fyrir lið í úrvalsdeld og kr. 5.000 fyrir lið í 1. deild og neðar.

#### **Erlend samskipti**

- CEV þing í október: Guðmundur Helgi Þorsteinsson, fyrrum stjórnarmaður hjá BLÍ og fv. framkvæmdastjóri BLÍ hefur ákveðið með samþykki formanns BLÍ að bjóða sig fram í stjórn Evrópusambandsins. Jason fer á þingið frá stjórn BLÍ. Framundan er forsetakjör og tveir eru í framboði, sitjandi forseti, André Meyer og svo Aleksander Boricic.
- Um sama leyti fer fram NEVZA þing og SCD þing sem formaður BLÍ mun sækja. Þá er einnig vinnustofa fyrir framkvæmdastjóra blaksambanda, sem formaður mun líklega ná að sækja einnig.
- Í september eru svo tveir vinnufundir. NEVZA vinnufundur í London 11. september sem Stefán mun sækja og svo SCD vinnufundur í Luxemborg 18. september sem formaður mun sækja.

#### **Landsliðsmál**

- Landsliðsnefnd hefur verið skipuð þeim Mundínu Kristinsdóttur, Þóreyju Haraldsdóttur, Ástu Sigrúnu Gylfadóttur og Guðrúnu Kristínu Einarsdóttur.

- Það er nú verið að undirbúa stóra helgi þar sem Afreksbúðir verða sem og æfingar fyrir unglíngalandsliðin. Þjálfaramálin eru að komast á hreint þar en búið er að semja við Daniele og Rogerio áfram um þjálfun A landsliðanna.
- Unglíngaliðin fara á NEVZA mótin í haust og mönnun á þær ferðir að klárast. Landsliðsnefndin fundar á morgun.
- Í Afreksbúðunum verða um 100 ungmenni.
- Landsliðsmálin strandblaki. Rætt um þau en aðeins er verið að reka 1 lið, þær Berglindi og Elísabetu. Einar Sigurðsson er þjálfari þeirra en stefnt er að þær fari á EM U22 sem fram fer í Portúgal í lok ágúst. Jason og Stefán funduðu með Karli Sigurðssyni í júlí eftir að hann sendi póst til BLÍ. Það er ljóst að landsliðsmálin í strandblaki eru allt öðruvísi en í blaki og er hér um að ræða allt aðra nálgun.

### Fræðslumál

- DataVolley – sjá umfjöllun ofar
- **Þjálfaranámskeið:** fulltrúar fræðslunefndar í stjórn BLÍ hafa rætt saman og ekki ákveðið hvernig staðið skuli að námskeiði. Afreksbúðahelgin verður nýtt til að kalla saman þjálfara félaganna á fund til að samræma tækniþjálfun, að forskrift landsliðsþjálfaranna í blaki. Þessi fundur verður föstudaginn 20. ágúst kl. 18.00 að Varmá.
- **Dómaranámskeið:** Dómaranefnd skipuleggur dómaranámskeið í september og leggur ríka áherslu á það að félögin fái gott tækifæri núna til að mennta dómara sem koma til með að starfa sem slíkir. Á næsta ári verður svo tekið harðar á sektum vegna skorts á dómurum.

### Fjármál

- Liðnum var frestað.

### Önnur mál

- Fundartími stjórnar var ákveðinn 1. þriðjudagur í mánuði. Næsti fundur 1. september og mun Sævar senda út fundarboð.
- Steinn nefndi Sporttv.is og þann áhuga sem þeir eru að sýna blakinu. Þeir vilja fara lengra með umfjöllun um úrvalsdeildina, sýna alltaf einn leik í viku og vera með umræðuþætti. Væri gott að taka snúning á málinu núna í ágúst til að geta fjármagnað fyrir lok sept áður en deildakeppnin hefst ef BLÍ fer í einhverskonar samstarf við Sporttv.is
- Undanþágubeiðni frá Þrótti Nes vegna erlendra leikmanna í Íslandsmótið í strandblaki. Leikmenn hafa ekki fengið kennitölu og þ.a.l. ekki hægt að skrá þau í Felix (félagatal ÍSÍ).
  - Borja Gonzales Vicente (Fæddur 12.08.1982)
  - Ana María Vidal Bouza (Fædd 25.10.1983)
- Undanþágan samþykkt

*Fleira var ekki rætt á fundinum*

*Fundi slitið kl. 19:00*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*